



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Skrifstofa Alþingis –

nefndasvið b.t. umhverfis- og samgöngunefndar

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Borgarnesi 30.10. 2023

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun

Með tölvupósti dagsettum 12.10 er Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi gefin kostur á að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024 til 2028. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) senda hér með umsögn um tillöguna. Umsögnin byggir annars vegar á Samgönguáætlun Vesturlands sem öll sveitarfélögin samþykktu árið 2021 og ályktunum frá Haustþingi SSV 2023.

Almennt um tillöguna

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) taka almennt undir þau markmið sem sett eru fram í tillögu að samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038. Á Vesturlandi eru ekki skráðir flugvelli, einungis lendingarstaðir og því verður ekki komið inn á framkvæmdir við flugvelli í þessari umsögn og aðeins lítilega um framkvæmdir við hafnir. Hér verður því fyrst og fremst fjallað um framkvæmdir í vegamálum.

Í upphafi er rétt að taka fram að stjórn SSV fangar þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru á höfuðborgarsvæðinu og munu nýtast íbúum á Vesturlandi eins og landsmönnum flestum. Tvöföldun Vesturlandsvegar á Kjalarnesi og fyrirhuguðu upphafi framkvæmda við Sundabraut. Það er ljóst að Sundabraut mun fela í sér miklar samgöngubætur fyrir íbúa á Vesturlandi sem og íbúa á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi. Mikilvægt er að forgangsroðun í uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu styðji við framgang á lagningu Sundabrautar, þar sem talið er að Sundabraut henti fyrir alla ferðamáta, efli almenningsamgöngur og bæti samgöngur innan höfuðborgarsvæðis og til og frá borginni. Því er mjög brýnt að framgangur verkefnisins verði tryggður og brautin verði tilbúin árið 2031 eins og stefnt er að.

Þá er mjög jákvætt að sjá að á tímabilinu samgönguáætlunar hefjist undirbúningur að fyrirhuguðum framkvæmdum við tvöföldun Hvalfjarðargangna og framkvæmdir við

Vesturlandveg frá Hvalfjarðargöngum í Borgarnes eru á áætlun frá 2029, en hefðu vissulega þurft að hefjast mun fyrr ef horft til þeirra fjölgunar ferðamanna sem spáð er.

Athugasemdir okkar snúa fyrst og fremst að fimm ára aðgerðaáætlun og krafist er breytinga á þeirri áætlun. Á Vesturlandi er um 14% af vegkerfi landsins og hlutfall malarvega á Vesturlandi er langt umfram landsmeðaltal. Ef bornar eru saman tölur fyrir landið og Vesturland má sjá að verulegur munur er þar á. Hlutfall malarvega á landsvísu Vesturland innan sviga; Stofnvegir 7% (Vesturland 16%), tengivegir 62% ((Vesturland 77%). Þá viljum við benda á að á undanförunum 11 árum hefur aðeins verið varið 4,2 milljörðum til framkvæmda við stofnvegi á Vesturlandi eða verulega lægri upphæð en í flestum öðrum landshlutum. Með hliðsjón af ofangreindu töldu sveitarfélögin á Vesturlandi að loksins væri komið að því að fjárveitingar til Vesturlands yrðu hækkaðar.

Það veldur því Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi miklum vonbrigðum að aðeins er áætlað að verja 700 milljónum til ný framkvæmda við stofnvegi á Vesturlandi á næstu fimm árum eða mun lægri upphæð en í öðrum landshlutum. Í meðfylgjandi tölum er ekki er tekið tillit til framkvæmda við jarðgögn;

<i>Vesturland</i>	<i>700 m.kr.</i>
<i>Vestfirðir</i>	<i>9.600 m.kr.</i>
<i>Norðurland v.</i>	<i>726 m.kr.</i>
<i>Norðurland e.</i>	<i>5.250 m.kr.</i>
<i>Austurland</i>	<i>9.230 m.kr.</i>
<i>Suðurland</i>	<i>18.850 m.kr.</i>

Samkvæmt þessum tölum fara 700 m.kr. af um 45 milljörðum eða 1,6% af fjárveitingum til framkvæmda við stofnvegi til Vesturlands. Við þessar afar lágu fjárveitingar geta sveitarfélögin á Vesturlandi ekki unað. Því gera samtökin eftirfarandi athugasemdir við aðgerðaráætlun í vegamálum.

Athugasemdir við einstaka liði samgönguáætlunar - vegamál

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi vilja koma með athugasemdir og ábendingar varðandi fjóra þætti í aðgerðar áætlun árána 2024-2028. Í fyrsta lagi tímasetningu framkvæmda við Skógarstrandarveg, í öðru lagi seinkun framkvæmda við Uxahryggjavega, í þriðja lagi of lágar fjárveitingar til lagningar slitlags á tengivegi og í fjórða lagi viljum við leggja áherslu á að stórum viðhaldsverkefnum verði flýtt. Allt eru þetta verkefni sem sveitarfélögin á Vesturlandi leggja þunga áherslu á í Samgönguáætlun Vesturlands sem samþykkt var af öllum sveitarfélögunum í landshlutanum árið 2021.

Skógarstrandarvegur (Snæfellsnesvegur 54)

Vegurinn er mikilvæg tenging á milli Snæfellsness og Dalabyggðar, bæði hvað varðar atvinnu og þjónustu. Auk þess sem umferð hefur aukist mjög um veginn undanfarin ár vegna fjölgunar ferðamanna. Hann er hluti af stofnvegakerfinu og lengsti vegakaflinn í því neti sem er án

bundins slitlags. Vegurinn er ríflega 50 km langur, en framkvæmdir við lagningu slitlags og endurnýjun brúa á veginum hófust nýverið. Samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir að hlé verði á framkvæmdum og þær hefjist ekki að nýju fyrr en 2027. Nauðsynlegt er að veita fjármagni á árunum 2024, 2025 og 2026 til framkvæmda. Vegurinn um Skógarströnd hefur mikla þýðingu fyrir íbúa á Snæfellsnesi og í Dalabyggð. Með bættum samgöngum skapast ýmis tækifæri varðandi samstarf Dalamanna og Snæfellinga, auk þess sem Dalabyggð myndi njóta góðs af þeim gríðarlega fjölda ferðamanna sem leggur leið sín um Snæfellsnes og skemmtileg hringleið opnast. Stjórn SSV fangar því að ráðast eigi í þá stóru framkvæmd sem Skógarstrandarvegur er, en nauðsynlegt er að halda framkvæmdum áfram á næstu þremur árum og veita auknu fjármagni til vegarins í aðgerðaráætlun.

Uxahryggir 52

Um árábil hefur verið unnið að endurbótum og lagningu bundins slitlags á veginum um Uxahryggi sem tengir saman Vesturland og Suðurland. Ennþá er eftir að leggja slitlag á um 22 km kafla efst í Lundarreykjardal og nú er búið að fresta þeirri framkvæmd til ársins 2034 samkvæmt samgönguáætlun. Það er ekki boðlegt. Vegurinn um Uxahryggi tengir saman Vesturland og Suðurland og skapar ýmis tækifæri til þess að auka samskipti og samstarf íbúa þessara landshluta, auk þess sem hann skapar ótal tækifæri í ferðaþjónustu og möguleika fyrir ferðamenn. Jafnframt myndi vegurinn létta umferð af Þjóðvegi 1 og dreifa ferðamönnum betur um landið. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi telja það ótækt að stöðva framkvæmdir við Uxahryggjaveg í tíu ár og fresta verklokum fram til ársins 2038. Því er lögð áhersla á það að framkvæmdir við veginn hefjist að nýju á næstu fimm árum.

Tengivegir

Í kaflanum um markmið, áherslur og aðgerðir kemur fram að fækkun malarvega er eitt af lykilviðfangsefnum í vegamálum á næstu árum. Ef þessi markmið eiga að nást þá er nauðsynlegt að gera sérstakt átak í lagningu bundins slitlags á tengivegi. Einnig er mjög mikilvægt að ráðast sem fyrst í markmið 5.1. sem segir „ Fram fari endurskoðun og rýni á hönnunarforsendum við uppbyggingu og lagningu bundins slitlags á umferðarminni vegi.“ Með þessu mætti draga verulega úr kostnaði við lagningu slitlags á umferðarminni tengivegi ef hönnunarforsendum yrði breytt. Tengivegir skipta orðið sífellt meira máli fyrir íbúa í dreifbýli og ört vaxandi ferðaþjónustu. Á Vesturlandi er ríflega 70 % tengivega án slitlags. Stærstur hluti þessara vega er í tveimur sveitarfélögum, Borgarbyggð og Dalabyggð. Þetta eru landstór sveitarfélög þar sem búið er að sameina fjölda sveitarfélaga, en fyrir 30 árum síðan voru 20 sveitarfélög á því svæði sem þessi tvö sveitarfélög ná yfir í dag. Það er afar mikilvægt að þegar sveitarfélög sameinast þá fái þau stuðning til þess að byggja upp heilstæð atvinnu- og þjónustusvæði. Góðar samgöngur eru lykilatriði í því að hægt sé að byggja upp slík svæði og sérstaklega mikilvægt að huga að því þegar gera á átak í sameiningu sveitarfélaga. Í samgönguáætlun er gert ráð fyrir því að 2500 m.kr. fari til tengivega á landinu á árinu 2024 og næstu fjögur árinu verði þessi upphæð sú sama. Sú hækkun á fjárveitingum til tengivega sem verið hefur undanfarið hefur vissulega gert gagn, en mikilvægt er að gera enn betur. Stjórn SSV tekur því heilshugar undir markmið 5a í

Samgönguáætlun, en þar segir. „Áfram verði unnið markvisst að lagningu bundins slitlags á tengivegi sem styðji við atvinnu- og byggðaðróun og auðveldi skólaakstur á svæðum sem nú búa við malarvegi. Við forgangsröðun uppbyggingar tengivega verði litið til umferðarpunga, ástands vega, akstursleiða skólaaksturs, vinnusóknar, ferðapjónustu og óska sveitarfélaga“. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi leggja á það áherslu að framlög til tengivega verði hækkuð um 2000 m.kr. frá árinu 2025 og út tímabil aðgerðaráætlunar. Ef þessi tillaga yrði að veruleika teljum við að raunhæft sé að tala um alvöru átak við lagningu bundins slitlags á tengivegi. Við viljum einnig benda á að þegar fjárveitingum til stofnvega er skipt með mjög misjöfnum hætti líkt og er í tillögu að aðgerðaráætlun þá verði tengivegapotturinn nýttur til þess að jafna þennan mun, auk þess sem horft verði til þeirra landshluta þar sem hlutfall malarvega er mjög hátt.

Stærri viðhaldsverkefni vega

Í kaflanum um markmið, áherslur og aðgerðir kemur fram að vinna þurfi á uppsafnaðri viðhaldsþörf og það sé eitt af lykilviðfangsefnum í vegamálum á næstu árum. Þessa stöðu þekkjum við allt of vel á Vesturlandi. Í samgönguáætlun er gert ráð fyrir að ráðist verði í verulegar endurbætur á Snæfellsnesvegi 54 frá Brúarhrauni að Dalsmynni. Hins vegar verði ekki ráðist í þessar framkvæmdir fyrr en árið 2034. Staðan er þannig í dag að Vegagerðin hefur tekið til skoðunar hvort lækki þurfi hámarkshraða á þessum kafla niður í 70 km þar eða vegurinn er orðinn mjög lélegur. Á Snæfellsnesi búa um 4000 íbúar og þessi vegur er tenging þeirra við Þjóðveg 1. Þá má ætla að hátt í 40% þeirra ferðamanna sem koma til Íslands heimsæki Snæfellsnes og hlutdeild svæðisins fer ört vaxandi. Endurbætur á veginum þola því enga bið og nauðsynlegt að fara í þetta verkefni á allra næstu árum og það verði tekið inn í tillögu að aðgerðaráætlun 2024-2028. Þá viljum við einnig benda á að vegurinn frá Vegamótum og vestur að Fróðárheiði þarfnast mikilla endurbóta. Er um að ræða mikið öryggismál fyrir vegfarendur, bæði fyrir ferðamenn og ekki síður vegna aukinna þungaflutninga. Þá er nauðsynlegt að endurbætur á Vestfjarðarvegi 60 frá Fellsenda að Búðardal verði settar inn á samgönguáætlun, en vegurinn á þessum kafla er mjög bágborinn og reikna má með stórauðum umferðum um veginn eftir uppbyggingu vegakerfisins á Vestfjörðum. Að lokum leggja Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi áherslu á að fjárveitingar til viðhalds og þjónustu á vegum verði auknar þannig að auka megi umferðaröryggi, ekki síst yfir vetrartímamann.

Framkvæmdir í höfnum

Ánægjulegt er að sjá að töluverður hluti forgangsverkefna í samgönguáætlun Vesturlands varðandi framkvæmdir við hafnir á Snæfellsnesi er í aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028. Hins vegar leggur stjórn SSV áherslu á að framkvæmdum við hafskipabryggju í Stykkishólmi verði ekki seinkað frá núgildandi samgönguáætlun, en framkvæmdir áttu að hefjast árið 2023. Þá leggur stjórnin til að inn í áætlunina verði bætt framkvæmdum við dýpkun í innsiglingu og innan hafnar í Rifshöfn, en nauðsynlegt er að þar verði dýpi að lágmarki 7.0 m. Loks leggur stjórn til að hafin verði vinna í Grundarfjarðarhöfn við matsgerð vegna efnistöku í sjó og landnámu og lengingu Miðgarðs um 30 metra, 80 m stálþil og fylling og raflögn, vatn og þekja. Í greinargerð með samgönguáætlun kemur fram að Vegagerðin hefur umsjón með ferjum í eigu ríkisins, þ.e.

Herjólfur IV, Sæfara, Sævari og Herjólfur III. Unnið er að kaupum á nýrri ferju fyrir Breiðafjörð. Mikilvægt er að sem fyrst verði klárað kaup á nýrri ferju fyrir Breiðafjörð sem er lausn til framtíðar. Þannig má leggja þunga áherslu á að samgönguáætlun verði breytt á þann veg að hún endurspegli þörf fyrir smíði nýrrar ferju sem sigla eigi um Breiðafjörð þannig að Vegagerðin geti hafið undirbúning að hönnun og smíði nýrrar ferju ásamt nauðsynlegum breytingar á hafnarmannvirkjum.

Almenningssamgöngur

Haustþing SSV 2023 ályktaði að almenningssamgöngur verði valkostur þar sem verðlagning farþegagjalda og þjónustustig sýni að um raunhæfan valkost sé að ræða, sem geti komið í stað þess að nota einkabíl. Því verður að tryggja að ferðir milli höfuðborgarsvæðisins og nærsveitarfélaga mæti þörfum notenda og að þessi samgöngumáti verði á sanngjörnu verði. Almenningsamgöngur með „landsbyggðarstrætó“ eru mjög mikilvægar fyrir Vesturland. Brýnt er að núverandi leiðakerfi verði styrkt enn frekar á næstu árum og mikilvægt að Vegagerðin eigi gott samstarf við landshlutasamtökin um skipulag leiðakerfis og gerð sumar- og vetraráætlana.

Það er ljóst að framtíð ferjusiglinga er mikilvæg fyrir atvinnulíf og samgöngur milli Vestfjarða og Vesturlands. Breiðafjarðarferjan Baldur er því í lykilhlutverki varðandi samgöngur við Breiðafjörðinn. Það er fagnaðarefni að komin sé ferja á Breiðafjörð sem kemur betur til móts við nútíma öryggiskröfur en „gamli Baldur“ en hún er ekki lausn til lengri tíma. Því er mikilvægt að ákvörðun verði tekin um smíði á nýrri ferju til að sigla yfir Breiðafjörð. Einnig að sett verði fram tímasett áætlun varðandi framtíðarlausn þar sem skilgreint sé og staðfest að ríkið muni láta hanna og smíða nýja ferju fyrir Breiðafjarðarsiglingar, sem hönnuð verður með tilliti til orkuskipta framtíðarinnar og nýst getur sem varaskip fyrir Herjólf.

Niðurlag

Það verður að segjast eins og er að ástandi vega á Vesturlandi hefur hrakað undanfarin 15 ár og óánægja íbúa með vegakerfið aukist, sem m.a. kemur fram í íbúakönnun SSV sem gerðar hafa verið með reglubundnum hætti frá 2004. Frá árinu 2011 hefur lítið verið framkvæmt og Vestlendingar upplifa það að landshlutinn sitji á hakanum. Vegna þessa horfðu margir til þess að í nýrri samgönguáætlun yrðu kynntar tillögur að umtalsverðum vegabótum. Það er því afar erfitt að horfa til þess að á næstu fimm árum verði aðeins framkvæmt fyrir 700 m.kr. við stofnvegi á Vesturlandi og engin landshluti býr við lægri fjárveitingar. Að einungis 1,6% fjárveitinga til stofnvega fari til Vesturlands er algerleg óásættanlegt og við það verður ekki unað. Því leggja Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi þunga áherslu á að fjármunum verði veitt til framkvæmda við endurbætur á Snæfellsnesvegi 54 og til nýframkvæmda við veginn um Uxahryggi í aðgerðaráætlun. Auk þess verði auknu fjármagni varið til framkvæmda við Skógarstrandaveg í aðgerðaráætlun og loks er lagt til að fjárveitingar til tengivega verði hækkaðar.

Með vinsemd og virðingu

f.h. Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

